



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 24 117. ár

Fimmtudaginn 21. mars 2024

Útgáfud.: 13. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Rove's ehf.**

Kt.: 690224-1270.

Heimili og varnarþing: **Hlíðardalsskóla, 816 Ölfus.**

Dagsetning samþykktar er: 23. febrúar 2024.

Stofnendur: Nertil Lila, kt. 060585-3509, Hlíðardalsskóla, 816 Ölfus.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 23. febrúar 2024.

Stjórnarmaður: Nertil Lila. Varastjórn: Mirland Lila, kt. 290987-5479, Hlíðardalsskóla, 816 Ölfus.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Nertil Lila.

Prókúruumboð: Nertil Lila.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Birgir Karl Óskarsson, kt. 170780-5079, Meltröð 10, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Ráðgjöf og þjónusta tengd byggingaframkvæmdum, fasteignaumsýsla, fjárfestingar, lánastarfsemi og annar tengdur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024004886

Útgáfud.: 13. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **1961 ehf.**

Kt.: 690224-0620.

Heimili og varnarþing: **Stigahlíð 68A, 105 Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 16. febrúar 2024.

Stofnendur: Eggert Árni Gíslason, kt. 240761-2119, Stigahlíð 68A, 105 Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 16. febrúar 2024.

Stjórnarmaður: Eggert Árni Gíslason. Varastjórn: Jóhann Steinn Eggertsson, kt. 060489-2469, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Prókúruumboð: Eggert Árni Gíslason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Kaup, sala og eignarhald verðbréfa, fjárfestingar, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024004887

Útgáfud.: 13. mars 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **HBJ ehf.**

Kt.: 410324-1130.

Heimili og varnarþing: **Klausturhvammi 38, 220 Hafnarfjörður.**

Dagsetning samþykktar er: 29. desember 2023.

Stofnendur: Hannes Þór Jónsson, kt. 151166-2969, Klausturhvammi 38, 220 Hafnarfjörður.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 29. desember 2023.

Stjórnarmaður: Hannes Þór Jónsson. Varastjórn: Ingibjörg Gylfadóttir, kt. 230871-4859, Klausturhvammi 38, 220 Hafnarfjörður.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hannes Þór Jónsson.

Prókúruumboð: Hannes Þór Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sveinn Rúnar Reynisson, kt. 030574-4279, Gefjunarbrunni 15, 113 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Starfsemi eignarhaldsfélags.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024004888

Útgáfud.: 14. mars 2024

Áskorun m.v.t. 81. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðasmára 1, Kópavogi, gerir kunnugt: Þann 7. febrúar 2024 var einkaskiptum lokið á dánarbúi Ebenesers Þorlákssonar, kt. 251250-4649. Erfinginn Hjördís Sigurðardóttir, systir látna, fædd 1931, talin búsett í Bandaríkjunum hefur ekki gefið sig fram og ókunnugt er hvar verði náð til hennar. Arfshluti hennar er því varðveittur hjá sýslumanni sbr. 1. mgr. 81. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Með vísan til 2. mgr. 81. gr. er hér með skorað á erfingjann að vitja arfsins hjá skiptasviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að Hlíðasmára 1, Kópavogi.

Gefi erfinginn sig ekki fram, eða einhver sem getur sannað rétt sinn til arfsins, innan 10 ára frá birtingu þessarar áskorunar, geta erfingjar þess sem féð er varðveitt fyrir krafist þess að fá það afhent eins og erfinginn hefði ekki lifað þegar arfurinn féll. Komi slík krafa ekki fram innan eins árs frá lokum þess frests skal sýslumaður greiða féð í ríkissjóð.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2024004658B

Útgáfud.: 18. mars 2024

Dómsbirting

Árið 2024, fimmtudaginn 4. janúar, er dómþing Héraðsdóms Norðurlands eystra háð í dómhúsinu að Hafnarstræti 107 á Akureyri, kveðinn er upp í máli nr. S-502/2023, ákærvaldið gegn Rici Mucaj, svofelldur dómur:

Dómsorð:

Ákærði, Rici Mucaj, sæti fangelsi í 75 daga. Fresta ber fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gerð eru upptæk 314,33 grömm af maríhúana, 0,19 grömm af kókaíni og 0,43 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni.

Ákærði greiði kr. 427.121 krónur í sakarkostnað, þ.e. þóknun tilnefnds verjanda hans, Andrésar Más Magnússonar lögmanns, 376.650 krónur, auk útlagðs ferðakostnaðar hans, samtals að fjárhæð 50.471 krónur.

Ingvar Þóroddsson.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Rici Mucaj, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu, samkvæmt 3. mgr. 185. gr., sbr. 3. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra,
14. mars 2024.

(2024005132

Útgáfud.: 18. mars 2024

Dómsbirting

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 2024 í máli nr. S-20/2024. Ákærvaldið gegn Shpetim Mance og Shyqyri Neamu.

Dómsorð:

Ákærði, Shpetim Mance, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði, Shyqyri Neamu, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu sætu upptöku á 94,4 g af maríhúana, 1,74 g af kókaíni, 6,98 g af amfetamíni, 2,75 g af óþekktum efnum, tveimur farsímum af gerðinni Samsung og 47.000 krónum.

Karitas Rán Garðarsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,
12. mars 2024.

Benedikt Smári Skúlason saksóknarfulltrúi.

(2024005136

Útgáfud.: 18. mars 2024

Dómsbirting

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. nóvember 2023 í máli nr. S-6382/2023.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Jónsson, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja en sæti ella fangelsi í 10 daga.

Karitas Rán Garðarsdóttir.

Dómfelldi var ekki viðstaddur dómsuppsögu og var lögreglu falið að birta dóminn fyrir honum. Ekki náðist í dómfellda þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að birta honum dóminn.

Skrifstofu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,
12. mars 2024.

Kamilla Kjerúlf saksóknarfulltrúi.

(2024005137

Útgáfud.: 14. mars 2024

Lögmannsréttindi - innlagt leyfi

Með tilkynningu hefur Sonja Marsibil Þorvaldsdóttir lagt inn málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
26. febrúar 2024.

(2024004960

Útgáfud.: 14. mars 2024

Lögmannsréttindi - innlagt leyfi

Með tilkynningu hefur Birna Ketilsdóttir lagt in málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
23. febrúar 2024.

(2024004969

Útgáfud.: 14. mars 2024

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Steini S. Finnbogasyni málflutningréttindi fyrir Landsrétti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
23. febrúar 2024.

(2024004970

Útgáfud.: 14. mars 2024

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur afhent Flosa Hrafni Sigurðssyni réttindi sín til málflutnings og eru þau nú virk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
22. febrúar 2024.

(2024004993

Útgáfud.: 15. mars 2024

Lögmannsréttindi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Magnúsi Ingvari Magnússyni málflutningsréttindi fyrir Landsrétti.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
12. mars 2024.

(2024005040

Útgáfud.: 18. mars 2024

Lögmannsréttindi - innlagt leyfi

Með tilkynningu hefur Anna Guðrún Árnadóttir lagt inn málflutningsréttindi sín og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
14. mars 2024.

(2024005150

Útgáfud.: 18. mars 2024

Lögmannsréttindi - innlagt leyfi

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra hefur veitt Margréti Hrönn Þóroddsdóttur réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómsstólunum. Með tilkynningu hefur hún lagt inn réttindi sín til málflutnings og eru þau nú óvirk.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,
13. mars 2024.

(2024005152

Útgáfud.: 15. mars 2024

Félagsslit

Hinn 7. desember 2023 voru þeir Ágúst Karl Guðmundsson, kt. 050380-5999, lögmaður hjá KPMG Law ehf., Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, lögmaður hjá KPMG Law ehf., og Þórarinn Ingi Ólafsson, kt. 190372-5379, kjörnir í skilanefnd Jóska eignarhaldsfélagsins ehf., kt. 430402-5360. Með bréfi hlutafélagaskrár 8. desember 2023 var skilanefndin löggilt til starfa sinna.

Lokareikningar félagsins sem og frumvarp til úthlutunargerðar í félaginu voru samþykkt með bókun hluthafa Jóska eignarhaldsfélagsins ehf. hinn 22. febrúar 2024. Slitum félagsins er nú lokið með úthlutun alls eigin fjár félagsins til hluthafa. Engar kröfur bárust skilanefnd félagsins.

Skilanefnd neðangreinds félags hefur þar með lokið störfum.

Reykjavík, 5. mars 2024.
Í skilanefnd Jóska eignarhaldsfélagsins ehf.,
Ágúst Karl Guðmundsson lögmaður.

(2024005043

Útgáfud.: 14. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: ÞAK-Lækningar slf.

Kt.: 520324-0970.

Dagsetning samþykktar: 7. febrúar 2024

Heimilisfang: Sogavegi 92, Reykjavík.

Eigendur: Þórunn Anna Karlsdóttir, kt. 120579-5259, Sogavegi 92, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Nanna Hansdóttir, kt. 190345-2389, Sogavegi 92, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er almenn læknaþjónusta og heilbrigðisþjónusta. Einnig kaup og sala eigna, lánastarfsemi o.fl..

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Þórunn Anna Karlsdóttir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Anna Karlsdóttir. Andrés Einar Hilmarsson, kt. 050870-3409, Hamrakór 16, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 12. mars 2024.

(2024004972

Útgáfud.: 15. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Sjúkralausnir slf.

Kt.: 530324-0280.

Dagsetning samþykkt: 22. febrúar 2024

Heimilisfang: Norðurbrú 4, Garðabæ.

Eigendur: Hilmar Þór Hilmarsson, kt. 200990-3159, Norðurbrú 4, Garðabæ, ábyrgðaraðili. Díana Hilmarsdóttir, kt. 180676-3769, Nónvörðu 3, Reykjanesbæ, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er sjúkraþjálfun.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Hilmar Þór Hilmarsson.

Reykjavík, 13. mars 2024.

(2024005038

Útgáfud.: 15. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Bitesized Iceland.

Kt.: 290777-5189.

Dagsetning samþykkt:

Heimilisfang: Flókagötu 47, Reykjavík.

Eigendur: Sabrina Hussain, kt. 290777-5189, Flókagötu 47, Reykjavík.

Tilgangur: Tilgangur er að bjóða upp á stuttar gönguferðir með leiðsögn um Reykjavík þar sem kynnt verða ýmis atriði í matarmenningu landsins. Komið verður við á völdum matsölustöðum og boðið upp á smakk. Einnig getur fyrirtækið tekið að sér ráðgjöf varðandi íslenska matarmenningu og sérsniðið styttri og lengri prógrömm fyrir þá sem þess óska.

Skattaðild: Ósjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Eigandi.

Prókúruumboð: Eigandi.

Reykjavík, 13. mars 2024.

(2024005042

Útgáfud.: 18. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Lögurinn - tölvuþjónusta slf.

Kt.: 540324-0770.

Dagsetning samþykkt: 16. febrúar 2024

Heimilisfang: Bláargerði 10b, Egilsstöðum.

Eigendur: Ólafur Arason, kt. 160562-3829, Bláargerði 10B, Egilsstöðum, ábyrgðaraðili. Skúli Halldórsson, kt. 300790-2329, Vesturbergi 140, Reykjavík, samlagsaðili. Ýmir Ólafsson, kt. 280998-2499, Vesturbergi 140, Reykjavík, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins þjónusta á sviði upplýsingatækni og rekstri tölvukerfa. Einnig kaup og sala eigna, lánastarfsemi o.fl..

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Ólafur Arason.

Ólafur Arason, framkvæmdastjóri. Andrés Einar Hilmarsson, kt. 050870-3409, Hamrakór 16, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 14. mars 2024.

(2024005141

Útgáfud.: 18. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **Elo2 slf.***Kt.:* 540324-1150.*Dagsetning samþykkt:* 20. febrúar 2024*Heimilisfang:* Hlíðarhjalla 39c, Kópavogi.*Eigendur:* Magnús Sverrisson, kt. 201061-5209, Hlíðarhjalla 39C, Kópavogi, ábyrgðaraðili. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, kt. 230464-2949, Hlíðarhjalla 39C, Kópavogi, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er innlendar og erlendar fjárfestingar.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritutun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Magnús Sverrisson.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri: Magnús Sverrisson. Meðstjórnandi: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. Katrín Helga Reynisdóttir, kt. 291159-7969, Kársnesbraut 127, Kópavogi, skoðunarmaður.

Reykjavík, 14. mars 2024.

(2024005147

Útgáfud.: 18. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **Kunstner slf.***Kt.:* 540324-0420.*Dagsetning samþykkt:* 19. febrúar 2024*Heimilisfang:* Skipholt 29b, Reykjavík.*Eigendur:* Jafet Máni Magnússon, kt. 160497-2039, Skipholt 29B, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Rúnar Gíslason, kt. 170496-3029, Skipholt 29B, Reykjavík, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er: leiklist, leiklistarverkefni og annar skyldur rekstur, talsetning, lestur hljóðbóka, framleiðsla á sjónvarpsefni.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritutun:* Ábyrgðaraðili.*Prókúruumboð:* Jafet Máni Magnússon.

Jafet Máni Magnússon, kt. 160497-2039, Skipholt 29B, Reykjavík, stjórnarmaður. Rúnar Gíslason, kt. 170496-3029, Skipholt 29B, Reykjavík, varamaður. Styrmir Már Ólafsson, kt. 301292-2959, Borgarvík 20, Borgarnesi, skoðunarmaður. Framkvæmdastjóri: Jafet Máni Magnússon, kt. 1604972039.

Reykjavík, 14. mars 2024.

(2024005148

Útgáfud.: 18. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá*Nafn:* **Gersemi - Sandra Ósk Myndskreytir slf.***Kt.:* 550324-0750.*Dagsetning samþykkt:* 20. febrúar 2024*Heimilisfang:* Skipholt 28, Reykjavík.*Eigendur:* Sandra Ósk Júnísdóttir, kt. 040293-2569, Skipholt 28, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Aðalsteinn Hannesson, kt. 161094-2699, Skipholt 28, Reykjavík, samlagsaðili.*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er sala á smávöru og grafísk þjónusta.*Skattaðild:* Félagið er sjálfstæður skattaðili.*Firmaritutun:* Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Sandra Ósk Júníusdóttir.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri: Sandra Ósk Júníusdóttir. Meðstjórnandi: Aðalsteinn Hannesson.

Reykjavík, 15. mars 2024.

(2024005153

Útgáfud.: 18. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Vefsson vefstofa slf.

Kt.: 540324-0500.

Dagsetning samþykkt: 28. febrúar 2024

Heimilisfang: Grófarsmári 26, Kópavogi.

Eigendur: Stefán Snær Heimisson, kt. 310791-2539, Grófarsmára 26, Kópavogi, ábyrgðaraðili. Dana Rún Heimisdóttir, kt. 100586-2829, Grófarsmára 26, Kópavogi, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er vefhönnun, vefsíðugerð og önnur þjónusta á sviði upplýsingatækni. Einnig kaup og sala eigna, lánastarfsemi o.fl..

Skattaðild: Sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Stefán Snær Heimisson.

Stefán Snær Heimisson, framkvæmdastjóri. Andrés Einar Hilmarsson, kt. 050870-3409, Hamrakór 16, Kópavogi, löggiltur endurskoðandi.

Reykjavík, 14. mars 2024.

(2024005155

Útgáfud.: 19. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Bella Italia slf.

Kt.: 510324-0640.

Dagsetning samþykkt: 11. mars 2024

Heimilisfang: Geitlandi 2, Reykjavík.

Eigendur: Sigríður Knútsdóttir, kt. 120556-7469, Geitlandi 2, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Hildur Jónsdóttir, kt. 130282-3269, Ítalía, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu..

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili og samlagsaðili saman.

Prókúruumboð: Hildur Jónsdóttir Sigríður Knútsdóttir.

Framkvæmdastjóri: Hildur Jónsdóttir. Jón Ellert Lárusson, kt. 040356-6069, Finnsbúð 18, Þorlákshöfn, skoðunarmaður.

Reykjavík, 11. mars 2024.

(2024005188

Útgáfud.: 19. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: GG9 slf.

Kt.: 550324-0320.

Dagsetning samþykkt: 16. febrúar 2024

Heimilisfang: Gerplustræti 6a, Mosfellsbæ.

Eigendur: Garðar Bergmann Gunnlaugsson, kt. 250483-5549, Gerplustræti 6A, Mosfellsbæ, ábyrgðaraðili. Gunnlaugur Sölvason, kt. 061151-3979, Smáraflöt 14, Akranesi, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er verktakastarfsemi í byggingariðnaði, kaup og sala efnis er varða reksturinn og öll skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Skattaðild: Sjálfstæður skattaaðili.

Firmaritun: Ábyrgðaraðili.

Prókúruumboð: Garðar Bergmann Gunnlaugsson.

Framkvæmdastjórn: Garðar Bergmann Gunnlaugsson, Endurskoðendur/skoðunarmenn: Skúli Bergmann Garðarsson, skoðunarmaður, Einar Jónsson, varaskoðunarmaður.

Reykjavík, 15. mars 2024.

(2024005248

Útgáfud.: 20. mars 2024

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: Hné og axlir slf.

Kt.: 520324-0110.

Dagsetning samþykkt: 21. febrúar 2024

Heimilisfang: Bergstaðastræti 80, Reykjavík.

Eigendur: Baldur Þórólfsson, kt. 240785-2349, Svíþjóð, ábyrgðaraðili. Margrét Baldursdóttir, kt. 280359-3519, Bergstaðastræti 80, samlagsaðili.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er heilbrigðisþjónusta, sérfræðilækningar og tengd starfsemi..

Skattaðild: Sjálfstæður skattaaðili.

Firmaritun: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Baldur Þórólfsson.

Baldur Þórólfsson, stjórnarmaður, Margrét Baldursdóttir, varamaður.

Reykjavík, 13. mars 2024.

(2024005249

Útgáfud.: 13. mars 2024

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Katrínartúni 6, Reykjavík, um töku bús Andmar ehf., kt. 541022-1200, Smiðjuvegi 11, Kópavogi, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 2. maí 2024, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirsvarsmann skuldarans, Andrejs Borscevskis, kt. 110181-4939, með ótilgreint heimili í Lettlandi, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 6. mars 2024.

Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2024004936

Útgáfud.: 13. mars 2024

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Katrínartúni 6, Reykjavík, um töku bús Inbox ehf., kt. 550198-2319, Kópavogsbraut 92, Kópavogi, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 2. maí 2024, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirsvarsmann skuldarans, Damian Komorowski, kt. 230893-4119, með ótilgreint heimili í Kópavogi, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 6. mars 2024.

Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara.

(2024004937

Útgáfud.: 15. mars 2024

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðasmára 1, Kópavogi, gerir kunnugt: Gerð hefur verið krafa um að Lawrencia Tuori, Kumasi, Ghana, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með barni sínu frá, 28. mars 2022 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Lawrencia Tuori að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Hlíðasmára 1, miðvikudaginn 17. apríl 2024 kl. 9.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Kópavogi, 13. mars 2024.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2024005039

Útgáfud.: 15. mars 2024

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi, gerir kunnugt: Gerð hefur verið krafa um að Mohamed Maxamuud Muhamed, Sómalíu, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með börnum sínum frá, 1. maí 2023 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Mohamed Maxamuud Muhamed að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Hlíðasmára 1, fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 9.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Kópavogi, 14. mars 2024.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2024005059

Útgáfud.: 18. mars 2024

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum nr. 76/2003

Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Hörðuvöllum 1, Selfossi, gerir kunnugt: Gerð hefur verið krafa um að Oleksander Havryhn, Úkraínu, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með barni sínu frá, 18. desember 2022 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Oleksander Havryhn að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Hafnarbraut 36, Höfn, miðvikudaginn 24. apríl 2024 kl. 9.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Selfossi, 18. mars 2024.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi.

(2024005133

Útgáfud.: 19. mars 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-916/2024:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Ledio Breka, verður tekið fyrir á dómþingi 24. apríl 2024 kl. 10.10.

Staður: Dómsalur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 12. mars 2024.

Birgitta Kristjánsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Ledio Breka, fd. 31.08.2000, ríkisborgara Albaníu, fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 2. mars 2023, í bifreiðinni PRT41, við hús nr. 17 að Skeifunni í Reykjavík, haft í vörslum sínum samtals 67,5 g af maríhúana og 0,97 af kókaíni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni, sem lögregla fann við leit í bifreiðinni og lagði hald á.

Mál nr. 007-2023-10592.

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2011, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á samtals 67,5 g af maríhúana og 0,97 g af kókaíni, sem lögregla lagði hald á, skv. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, með síðari breytingum. Einnig er krafist upptöku á samtals 67.000 íslenskum krónum sem hald var lagt á, skv. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en fjármunirnir eru ætlaður ágóði af sölu fíkniefna.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 13. febrúar 2024.

Lína Ágústs dóttir aðstoðarsaksóknari.

(2024005166

Útgáfud.: 19. mars 2024

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjavíkur gerir kunnugt:

Mál nr. S-892/2024:

Ákærandi: Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ákærði: Alaa Hassan M. Khalifa, verður tekið fyrir á dómþingi 24. apríl 2024 kl. 10.00.

Staður: Dómsalur 202.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 12. mars 2024.

Birgitta Kristjánsdóttir aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Alaa Hassan M. Khalifa, kt. 100575-3109, ótilgreindu lögheimili,

I. fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, laugardaginn 7. október 2023, ekið bifreiðinni JDA28 óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist kokaín 87 ng/ml) um Klapparstíg við Njálsgötu í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 007-2023-58459.

II. Fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, fimmtudaginn 14. desember 2023, ekið bifreiðinni OZF55 óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist kokaín 200 ng/ml) um Tryggvagötu í Reykjavík, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, og fyrir að hafa notað farsíma án handfrjáls búnaðar við aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 57. gr., sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 007-2023-72836.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu,

13. febrúar 2024.

Kamilla Kjerúlf saksóknarfulltrúi.

(2024005170

Útgáfud.: 19. mars 2024

Hlutfélag - samruni

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutfélög og 4. mgr. 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

Yfirtökufélag: Kjarnafæði Norðlenska hf., kt. 581289-1899, Sjávargötu 1, Akureyri.

Yfirtekið félag: Norðlenska matborðið ehf., kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, Akureyri.

Uppgjörsgdagur: 1. janúar 2024.

Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið. Yfirtökufélag er eigandi að öllu hlutfélagi í yfirtekna félaginu og er því ekki um endurgjald að ræða. Við samrunann renna eignir og skuldir yfirtekna félagsins inn í yfirtökufélagið og koma í stað hlutfjáreignar í yfirtekna félaginu. Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundum þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna. Skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 og 5. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 13. mars 2024.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2024005194

Útgáfud.: 13. mars 2024

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi 16. febrúar 2024 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Endurskoðun Flótagötu 65 ehf., Flótagötu 65, 105 Reykjavík, merktar Inga T. slf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Flótagötu 65, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags

Inga T. slf.,
kt. 550610-1240.

Félagsfundur

mánudaginn 6. maí 2024
kl. 10.00

Reykjavík, 16. febrúar 2024.

F. h. félagsmanna,

Heimir Jóhannesson.

(2024004629B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun - vegna glataðra hlutabréfa

Loðnuvinnslan hf., kt. 581201-2650, Skólavegi 59, Fáskrúðsfirði, gjörir kunnugt að skráður eigandi neðangreinds hlutabréfs í félaginu hafi tilkynnt það glatað:

Bréf nr.	FL.	Tegund	útgáfudagur	Upphæð	Eigandi
164	A	Hlutabréf	01.10.2002	17.283	Margrét Sigurðardóttir, kt. 190853-2849

Stjórn félagsins skorar hér með á hvern þann sem kann að hafa framangreint bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, að gefa sig fram við skrifstofu félagsins, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu þessarar áskorunar, ella falla niður öll réttindi samkvæmt þessu hlutabréfi og nýtt bréf verður gefið út til handa skráðum eiganda hlutarins.

Fáskrúðsfirði, 4. mars 2024.

Loðnuvinnslan hf.

(2024004663B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun - félagsslit Go tækni sf.

Á ályktunarbærum félagsfundi 26. fsebrúar 2024 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Vals Rafn Halldórsson, Pálsbúð 4, 815 Þorlákshöfn, merktar Hafnarfréttir.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Pálsbúð 4 í Þorlákshöfn, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

Nafn sameignarfélags

Hafnarfréttir sf.,
kt.520515-0620

Félagsfundur

Laugardaginn 18. maí 2024
kl. 8.00

Reykjavík, 8. mars 2024.

F. h. félagsmanna,

Valur Rafn Halldórsson.

(2024004966A

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 7.mars 2024 var samþykkt umsókn

Gunnars Freys Kristinssonar,

kt. 180987-2909,

Efstasundi 99, Reykjavík,

um að leita samnings um greiðsluaðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni 7.3.2024. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni inna fjögurra vikna frá birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánadrottnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfufýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfufýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfufýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfufýsing send á netfangið ums@ums.is.

Fundir verða haldnir með lánardrottnum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Kópavogi, 8. mars 2024.

Hulda Pétursdóttir lögfræðingur.

(2024004985A

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun - vegna skipta skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 26. febrúar 2024, var neðangreint bú tekið til skipta á grundvelli 2. og 3. gr. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Sæás ehf., kt. 661018-1350, Bolungarvík.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu búi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfufýsingar skulu sendar skiptastjóra að starfsstöð hans að Garðastræti 37, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 8. mars 2024.

Þorsteinn Ingason lögmaður.

(2024005006A

Útgáfud.: 18. mars 2024

Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 11. mars 2024 var samþykkt umsókn

Melkorku Sjafnar Magnúsardóttur,
kt. 090495-2089,
Klausturstíg 11, Reykjavík

um að leita samnings um greiðsluaðlögun. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni 11. mars 2024. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni inna fjögurra vikna frá birtingu þessarar innköllunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. lge. Þeir lánadrottinnar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 2. mgr. 10. gr. lge. Þá skulu kröfuhafar tilgreina reikningsnúmer í kröfulýsingu vegna greiðslumiðlunar. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Fundur verða haldnir með lánadrottinum, ef tilefni gefst til þess undir rekstri málsins, sbr. 6. mgr. 16. gr. lge.

Reykjavík, 12. mars 2024.

Björn Ingi L. Jónsson lögfræðingur.

(2024005138A

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 5. desember 2023 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Krzysztof Henryk Dabrowski,
kt. 091057-2559,
síðasta heimilisfang:
Borgarbraut 31, Borgarnesi

Dánardagur:

2. nóvember 2021

2024004638)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurstræti 12a, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 27. febrúar 2024.

Erlendur Þór Gunnarsson lögmaður.

(2024004637B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. apríl 2023 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Gunnar Þór Gunnarsson,
kt. 060946-6719,
síðasta heimilisfang:

Dánardagur:

29. mars 2022

Hátúni 10, Reykjavík

2024004652)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grandagarði 5, 107 Reykjavík.

Reykjavík, 26. febrúar 2024.

Jóhannes Árnason lögmaður.

(2024004651B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. nóvember 2021 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Rögnu Gamalielsdóttur,
kt. 280618-2849,
síðasta heimilisfang:
Lönguhlið 3, Reykjavík

Dánardagur:

7. september 2020

2024004654)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Grandagarði 5, 101 Reykjavík.

Reykjavík, 26. febrúar 2024.

Jóhannes Árnason lögmaður.

(2024004653B

Útgáfud.: 18. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. febrúar 2024 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Guðmundur Jón Sigurðsson,
kt. 010359-2879,
síðasta heimilisfang:
Hátún 6, Reykjavík.

Dánardagur:

2. ágúst 2023

2024004828)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá

fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík og/eða á netfangið anita@magna.is.

Reykjavík, 4. mars 2024.

Aníta Auðunsdóttir lögmaður.

(2024004827B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. janúar 2024 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Aðalsteinn Finnur Örnólfsson,

kt. 120127-4629,

síðasta heimilisfang:

Hraunvangur 7, Hafnarfirði

Dánardagur:

27. júní 2019

2024005017)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Atlas lögmenn.

Reykjavík, 12. mars 2024.

Harpa Helgadóttir lögmaður.

(2024005016A

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. janúar 2024 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Elín Eiríksdóttir,

kt. 100927-4039,

síðasta heimilisfang:

Hraunvangur 7, Hafnarfirði

Dánardagur:

8. júlí 2023

2024005019)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Reykjavík, 12. mars 2024.

Harpa Helgadóttir lögmaður.

(2024005018A

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. febrúar 2024 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Jónína G. Ragnhildur Ívarsdóttir,
kt. 030644-7199,
síðasta heimilisfang:
Rjúpufelli 28, Reykjavík

Dánardagur:

1. október 2023

2024005030)

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. D-7520/2023 var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri neðangreinds dánarbús. Dánarbú, nafn: Jónínu G. Ragnhildar Ívarsdóttur, kt. 030644-7199, síðasta heimilisfang: Rjúpnafell 28, 111 Reykjavík Dánardagur: 1. október 2023

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Stórhöfða 17, 110 Reykjavík, Advisor ehf.

Reykjavík, 5. mars 2024.

Páll Rúnar M. Kristjánsson hrl.

(2024005029A

Útgáfud.: 13. mars 2024

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 24. janúar 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Edil múrari slf.,
kt. 520722-0170,
Reynimel 72,
Reykjavík

Frestdagur:

13. nóvember 2023

Skiptafundur:

föstudaginn
17. maí 2024,
kl. 13.30

2024004623)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 25, 105 Reykjavík, Lögfræðistofu Reykjavíkur.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 25, Reykjavík, Lögfræðistofu Reykjavíkur, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 29. febrúar 2024.

Guðrún H. Brynleifsdóttir hrl.

(2024004622B

Útgáfud.: 14. mars 2024

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 21. febrúar 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Landsbyggðarhús ehf.,
kt. 540922-1870,
Holtagerði 50A,
Kópavogi

Frestdagur:

6. febrúar 2024

Skiptafundur:

fimmtudaginn
23. maí 2024,
kl. 10.00

2024004656)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 28. febrúar 2024.

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2024004655B

Útgáfud.: 15. mars 2024

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 6. mars 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

MerkurIceland ehf.,
kt. 690107-0230,
Óþekkt pósthfang og óskráð
lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg

Frestdagur:

8. janúar 2024

Skiptafundur:

fimmtudaginn
16. maí 2024,
kl. 11.00

2024004730)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skipholti 50b, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipholti 50b, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 7. mars 2024.

Elfar Elí Schweitz Jakobsson lögmaður.

(2024004729B)

Útgáfud.: 15. mars 2024

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 6. mars 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Daedalus ehf,
kt. 520816-1190,
Kleppjárnsreykir,
320 Reykholt Borgarfirði

Frestdagur:

8. janúar 2024

Skiptafundur:

föstudaginn
17. maí 2024,
kl. 14.30

2024004735)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2024.

Eggert B. Ólafsson lögmaður.

(2024004734B)

Útgáfud.: 15. mars 2024

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. mars 2024 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

1977 ehf.,
kt. 421111-0810,
Kleifarási 6,
Reykjavík

Frestdagur:

15. nóvember 2023

Skiptafundur:

fimmtudaginn
16. maí 2024,
kl. 10.30

2024004739)

Tomcat á Íslandi ehf.,
kt. 660105-0770,
Fossaleyni 4,
Reykjavík

15. nóvember 2023

fimmtudaginn
16. maí 2024,
kl. 11.00

2024004738)

Viðskiptagreint ehf.,
kt. 460303-3890,
Nesvegi 100,
Seltjarnarnesi

5. október 2023

fimmtudaginn
16. maí 2024,
kl. 10.00

2024004740)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgartúni 26, 5. hæð, 105 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, 5. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 7. mars 2024.

Grímur Sigurðsson lögmaður.

(2024004737B

Útgáfud.: 15. mars 2024

Innköllun

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 6. mars 2024 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Andri Júlíusson,
kt. 120385-3569,
Jörundarholt 166,
Akranesi

Frestdagur:

8. janúar 2024

Skiptafundur:

föstudaginn
17. maí 2024,
kl. 15.00

2024004742)

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 6. mars 2024.

Eggert B. Ólafsson lögmaður.

(2024004741B

Útgáfud.: 19. mars 2024

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 29. febrúar 2024 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

Ferðafákar ehf.,
kt. 630514-0960,

Frestdagur:

9. janúar 2024

Skiptafundur:

mánudaginn
20. maí 2024,

Hamratúni 18,
Akureyri

kl. 13.15

2024004842)

Kaffihúsið Frostrós ehf.,
kt. 521216-0850,
Fiskihóli 11,
Höfn í Hornafirði

15. janúar 2024

mánudaginn
20. maí 2024,
kl. 14.15

2024004841)

